



STARFSSKÝRSLA

Leikskólinn Hulduheimar



2019 – 2020

Einkunnarorð Hulduheima

Virðing-Lýðræði-Samfélag

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Leikskólastarfið í Hulduheimum	4
2.1 Stefna Hulduheima.....	4
2.1.1 Markmið Hulduheima.....	4
3. Stutt greinargerð um skólastarfið 2018-2019	5
3.1 Helstu niðurstöður innra mats skólaárið 2018-2019.....	5
3.1.1 Helstu umbætur samkvæmt innra mati.	8
4. Mat á leikskólastarfi	8
5. Samsetning nemendahópa og foreldrasamstarf.....	8
5.1. Nemendahópurinn (aldur, árgangar, dvalartímar).....	8
5.1.1 Fjöldi nemenda sem nutu sérstaks stuðnings	9
5.1.2 Fjöldi nemenda með annað móðurmál en íslensku og fjöldi tungumála.....	9
5.2. Foreldrasamvinna	9
5.2.1. Foreldraráð.....	9
5.2.2. Foreldrafundir, foreldrafræðsla.	9
5.2.3. Foreldraviðtöl (fyrirkomulag, tímabil).	10
5.2.4. Foreldrafélag	10
5.2.5. Fréttabréf	10
5.3. Samstarf, fræðsla og ráðgjöf	10
5.3.1. Samstarf við skólaþjónustu Árborgar	10
5.3.2. Samstarf leik- og grunnskóla	10
5.3.3. Samstarf við háskólana.....	10
5.3.4. Annað samstarf	11
6. Starfsmannamál.....	11
6.1 Stjórnskipan Hulduheima skólaárið 2018-2019	11
6.2 Fundarhöld og starfsdagar.	11
6.3 Símenntun starfsmanna	12
6.3.1 Námskeið og símenntun starfsmanna skólaárið 2018-2019	12
6.3.2 Símenntunaráætlun skólaársins 2019-2020.....	13
7 Starfsáætlun skólaársins 2019-2020	14
7.1 Áherslur í starfi Hulduheima	14
7.2 Umbótaáætlun 2019-2020	15
7.3 Matsáætlun 2019-2020	17

7.4 Leikskóladagatal 2019-2020	19
.....	19
8. Samþykki foreldraráðs.....	20

Leikskólinn Hulduheimar

Heimilisfang: Erlurimi 1, 800 Selfoss

Aðalsímanúmer: 480-3280

Netfang: hulduheimar@arborg.is

Heimasíða: <http://hulduheimar.arborg.is/>

Opnunartími leikskólans: 7:45-16:30

1. Inngangur

Samkvæmt lögum um leikskóla 90/2008 kemur fram í 5. mgr. 11.gr. að leikskólastjóra beri að gefa árlega út starfsskýrslu leikskóla sem byggir á skólanámskrá leikskólans. Þar er gerð grein fyrir starfsemi leikskólans, skóladagatali og öðru er viðkemur starfseminni. Einnig kemur fram að foreldraráð skuli fá hana afhenta til umsagnar áður en hún er staðfest af fræðslunefnd sveitafélagsins. Að því búnu skal starfsskýrslan kynnt foreldrum leikskólabarna.

Breytingar eru órjúfanlegur þáttur leikskólastarfsins. Reglulega þarf að fara yfir stöðu mála, skoða alla þætti skólastarfsins með gagnrýnum augum, meta og setja sér ný markmið til að stefna að. Að vori er farið yfir allt innra mat skólaársins og umbótaáætlun gerð í kjölfarið.

Hér gefur að líta helstu niðurstöður innra mats og upplýsingar um starf Hulduheima skólaárið 2018-2019 og starfsáætlun leikskólans skólaárið 2019-2020 en hún er hugsuð sem skýr leiðarvísir á því starfi sem fer fram í leikskólanum. Starfsáætlunin er unnin í samráði við kennara leikskólans.

Starfsskýrsla leikskólans tekur gildi 1. október ár hvert og skal skilað til Skólaþjónustu Árborgar og lögð fyrir fræðslunefnd til staðfestingar. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megi hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsskýrslan er aðgengileg á heimasíðu Hulduheima.

Selfoss, 1. september 2019

Kristrún Hafliðadóttir
Leikskólastjóri Hulduheima

2. Leikskólastarfið í Hulduheimum

2.1 Stefna Hulduheima

Leikskólinn Hulduheimar starfar eftir lögum um leikskóla og Aðalnámskrá fyrir leikskóla. Námsgvið leikskóla eru læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning en þau eiga að falla inn í alla starfsemi leikskólans.

Í Hulduheimum er hugmyndafræði John Dewey grunnurinn að innra starfi leikskólans. Samkvæmt henni er talið mikilvægt að börnin þekki fortíðina til að skilja nútíðina. Samfélagið og skólinn vinna saman og samband þarf að vera á milli raunverulegrar reynslu barnanna, náms og menntunar. Skólinn er samfélag þar sem lýðræði er haft að leiðarljósi, þar sem ólíkir einstaklingar starfa saman og hver um sig leggur sitt að mörkum. Reynslan, samfélagið og lýðræðið eru samofin í leikskólastarfinu samkvæmt hugmyndum Dewey. Hlutverk leikskólans er að hafa í huga líf barnanna utan veggja leikskólans og byggja á þeirri reynslu sem börnin hafa þegar aflað sér og skapa nýja reynslu sem þau geta lært af. Líf innan veggja leikskólans á að hjálpa barninu að lifa og starfa sem einstaklingur í samfélagi við aðra einstaklinga.

Samkvæmt hugmyndafræðinni er það börnum meðfætt að læra, þess vegna eiga þau að vera virk í eigin námi. Grunnhugmyndir uppeldisstefnu John Dewey byggjast á hugmyndum sem lýsa á einfaldan hátt í einkunnarorðunum „learning by doing“, að læra í athöfn og að læra af eigin reynslu.

Aðalnámsaðferð Hulduheima er könnunaraðferðin (Project Approach) en hún fer vel saman við hugmyndafræði Deweys að því leyti að þar er þekking byggð á reynslu barnanna. Með aukinni reynslu og rannsóknum á viðfangsefninu eykst þekkingin enn frekar.

2.1.1 Markmið Hulduheima

1. *Að mæta barninu þar sem það er stadd*, einstaklingsmiðað nám (menntun og reynsla). Samkvæmt hugmyndafræði Dewey er leikurinn leið til menntunar og þroska, börn öðlast einungis raunhæfa menntun í gegnum reynslu sína. Nám barna er samfélagsmiðað þar sem barnið lærir í samskiptum við aðra einstaklinga.
2. *Að barnið kynnist samfélaginu og umhverfinu* (menntun og samfélag). Börnunum er gefin tækifæri til þess að rannsaka og skoða umhverfi sitt og vinna úr upplifunum sínum á markvissan hátt innan leikskólastarfsins. Þau fá tækifæri til að læra á og þekkja umhverfi sitt, sögu, náttúru, fyrirtæki og annað sem einkennir umhverfi leikskólans.
3. *Að barnið kynnist lýðræði* (menntun og lýðræði). Virðing er undirstaða lýðræðis. Virðing fyrir sjálfum sér og öðrum. Virðing felst m.a. í sanngirni, umhyggju, víðsýni og umburðarlyndi. Samhliða lýðræði og lífsleikni er stuðlað að því að hver og einn leggi sitt af mörkum til samfélagsins.

3. Stutt greinargerð um skólastarfið 2018-2019

Starfið gekk vel þrátt fyrir að þó nokkuð margir nýjir starfsmenn væru í húsi og fundu sumar deildir meira fyrir því en aðrar. Lögð var áhersla á að halda því starfi sem fyrir er og bæta ekki miklu við. Eftir áramót gerðu deildarstjórar nokkurra deilda tilraun um að byrja hópastarfið klukkan 9 á morgnana og færa þá kaffitíma starfsfólk. Þetta kom vel út fyrir starf deildanna, starfsfólk talaði um meiri stöðugleika og ró á deildunum og börnin virtust meira tilbúin til að byrja í hópastarfi svo snemma. Einnig reyndist betra að leysa kaffitíma þegar hluti eða öll börn voru í útiveru.

Þennan vetur var prófað að hafa þrjá árganga á hverri deild til þess að samræma starf deildanna. Það reyndist flóknara og var ákveðið að á næsta skólaári yrðu tveir árgangar á fjórum deildum en þrír á tveimur deildum yngri og eldri megin eins og þurfa þykir.

Ný borð voru keypt í matsalinn eldri megin en þau eru hringlaga með áföstum stólum, auðvelt er að leggja borðin saman og rúlla þeim til og frá. Tilgangurinn var að auka möguleika á nýtingu salarins t.d. fyrir íþróttir og annað starf sem varð einmitt raunin.

3.1 Helstu niðurstöður innra mats skólaárið 2018-2019

Starfsmenn mátu eftir haust- og vorönn og til þess voru notaðir heimatilbúnir matslistar. Metið var á deildarfundum og niðurstöður kynntar og ræddar á starfsmannafundi. Það sem var tekið fyrir í annarmatslistum voru þættir er varða daglegt starf á deildum, aðlögun, sérstakar uppákomur og svo voru þættir í umbótaáætlun metnir. Veturinn gekk ágætlega en töluverður tími fór í að þjálfa upp nýtt starfsfólk og eins voru mannabreytingar yfir veturinn vegna veikinda og annarra óviðráðanlegra aðstæðna. Innra starf gekk vel og var lögð áhersla á að halda því starfi sem fyrir er en ekki vera að taka upp á nýjungum. Uppákomur voru skemmtilegar og tókst vel til en starfsfólk benti á að undirbúa mætti betur fyrir uppákomur og taka lengri tíma t.d. í litadaga, hafa þá viku sem væri tileinkuð viðkomandi lit. Umbótaþættir voru metnir, sumir náðust en aðrir ekki. Nýjir umbótaþættir verða settir eftir endurmat á skólaárinu og aðrir sem náðust ekki settir áfram í nýja áætlun.

Spurningakönnun var lögð fyrir nýtt starfsfólk á haustönn en það voru alls 10 sem svöruðu. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar kvaðst starfsfólkið hafa fengið góðar móttökur bæði frá stjórnendum og öðru starfsfólki og að því hefði verið mætt af kurteisni, vingjarnleika, hjálpsemi og leiðbeiningu. Helmingur starfsfólksins sagðist hafa fengið nægar upplýsingar um starfið í upphafi en hinn helmingurinn hefði viljað fá nánari upplýsingar í byrjun. Sumir hefðu viljað meiri fræðslu og leiðbeiningar varðandi innra starfið og samskipti við nemendur. Einnig mætti bæta markvissa endurgjöf og eftirfylgni.

Starfsmenn svöruðu spurningakönnun um lýðræði, jafnrétti og þátttöku barna eftir að hafa lesið valda kafla úr Aðalnámskrá og bæklingnum „Lýðræði“. Samkvæmt niðurstöðum metur starfsfólk það svo að nemendur hafi áhrif og/eða val um viðfangsefni, þeir eru hvattir til að deila reynslu sinni, hugmyndum og tilfinningum og starfsfólk er tilbúið til að hlusta á þá og virða sjónarmið þeirra. Starfsfólk telur einnig að jafnrétti og jöfn hlutdeild allra í nemendahópnum birtist í starfinu og að reynt sé að höfða til margvíslegra áhugasviða nemenda. Sjálfssprottnum leik er gefið nægilegt svigrúm að mati flestra og verkefni hvetja til

rannsóknna og ýta undir sköpunarkraft og ímyndunarafli. Það sem mætti bæta er að nemendur komi meira að mati á leikskólastarfinu og að það séu farnar fjölbreyttar leiðir til að ná fram sjónarmiði nemenda þrátt fyrir að þau hafi ekki næga færni til að tjá sig munnlega. Einnig mætti taka aukinn þátt í samfélagsverkefnum.

Í kjölfarið voru fjórar spurningar um lýðræði settar fram í endurmati haustanna með því markmiði að fá fram hugmyndir starfsfólks á því að auka val og áhrif nemenda á leikskólastarfið, hvaða samfélagsverkefni væri hægt að taka þátt í og hvernig væri hægt að taka aukinn þátt í umhverfisvernd. Hugmyndirnar hafa verið settar fram á blað til frekari íhugunar.

Lítil netkönnun var lögð fyrir foreldra barna sem byrjuðu í Hulduheimum haustið 2019. Tilgangur könnunarinnar var að meta aðlögun og alls bærust svör frá 21. Samkvæmt niðurstöðum voru 95% þeirra sem svöruðu mjög eða frekar ánægð í heildina með aðlögun barns síns og eins voru allir mjög eða frekar ánægðir með móttökurnar á deildinni. Viðmót starfsmanna var talið mjög gott, 85% bera fullt traust til deildarstjórans og 66% fullt traust til starfsfólks deildarinnar. Skiptar skoðanir voru um skipulag aðlögunar en foreldrar virðast kunna að meta sveigjanleika í aðlögun barna sinna.

Starfsfólk mat einnig aðlögun og var það gert á deildarfundum að hausti. Aðlögunin gekk í sjálfu sér vel að mati starfsfólks á deildum sérstaklega þar sem fólki fannst hæfilegur fjöldi í aðlögun í einu og ef sama starfsfólk var með sama hóp nokkrar vikur í einu. Skipulag aðlögunar þótti fólki almennt gott. Mátulega langt, ramminn nokkur góður. Mikilvægt er að hafa einstaklingsmiðað skipulag, sumir þurfa lengri tíma en aðrir. Það sem reyndist erfitt var til dæmis mikið af nýju starfsfólki, starfsmannabreytingar á aðlögunartíma og ef of mörg börn voru í aðlögun í einu. Ef hæfilegur fjöldi barna var í aðlögun í einu fannst starfsfólki það geta tekið betur á móti foreldrum og börnum. Ef verið er að aðlaga mörg börn á sömu deildina er mikilvægt að gefa sér góðan tíma og hafa hæfilegt bil á milli holla.

Foreldrakönnun Skólaláttans var lögð fyrir í mars 2018 og var svarhlutfall 74,8%. Samkvæmt niðurstöðum eru foreldrar mjög ánægðir með leikskólann og starfshætti hans. Foreldrar telja að börnunum líði vel í leikskólanum og að þörfum þeirra sé mætt. Foreldrar barna sem nutu sérstuðnings voru einnig ánægðir með hvernig unnið var með börnum sínum. Í opnum spurningum um það sem foreldrar telja gott við leikskólann eru nokkur atriði oftast nefnd s.s. gott starfsfólk, hlýtt viðmót, gott andrúmsloft og að barninu líði vel í leikskólanum. Í þeim spurningum þar sem óskað var eftir athugasemdum um það sem betur má fara nefndu foreldrar það helst að þeir vilja almennt bættara upplýsingaflæði í leikskólanum og að matsalur sé meira nýttur fyrir hreyfingu. Niðurstöður má sjá nánar á heimasíðu leikskólans.

Nemendur tóku einnig þátt í innra mati. Tveir elstu árgangar (50 börn) svöruðu svokölluðu broskarlamati þar sem líðan þeirra í leikskólanum var könnuð. Einnig voru spurningar er varða sjálfsmynd barnanna og vinatengsl. Samkvæmt niðurstöðum líður börnunum almennt vel í leikskólanum í hinum ýmsu viðfangsefnum en eins og gengur er dagamunur þar eftir upplagi hvers og eins. Skoðanir voru skiptar á útiveru og eru ekki allir alltaf til í hana. Einnig finnst börnunum miserfitt að vera í fataklefanum að búa sig til útiveru. Öll börnin segjast eiga vini í leikskólanum og eins eru þau öll einhverntíma nefnd sem vinir. Þau kveðjast öll vera góðir vinir og áttu að útskýra með hvaða hætti þau væru góðir vinir. Nefndu þá flestir að það

fæli í sér að leika við aðra, vera hjálpsamur og góður við aðra. Flestir segjast fá að gera eins og hinir í hópnum og að þau fái aðstoð eða hjálp þegar þau þurfa. Að lokum máttu börnin segja eitthvað meira um leikskólann ef þau vildu. Matsblöð voru sett í ferilmöppur barnanna. Í ferilmöppum má einnig finna viðtöl við nemendur þegar þau eru 3 ára og svo á síðasta ári og teljast þau viðtöl til endurmats. Art fræðsla var fyrir elsta árgang leikskólans á haustönn og við enda tímabilsins meta börn og foreldrar hvernig til tókst. Börnunum þótti flestum ART tímarnir skemmtilegir og margir foreldrar sögðu að börnin væru að nota ART heima. Umræður sköpuðust hjá kennurum að ART fræðslan væri mjög fyrirferðamikil á því tímabili sem hún stendur yfir en tveir kennarar eru með 6-8 börn í ART tímum.

Hér kemur mat á umbótaþáttum frá síðasta skólaári:

- Hafa þrjá árganga á öllum deildum til að auka samvinnu deilda og dreifa álagi t.d. vegna yngstu barna. *Bar ekki þann árangur sem við óskuðum og verður tekið upp fyrra fyrirkomulag, tveir árgangar á fjórum deildum, þrjú árgangar á tveimur deildum.*
- Efla faglegar umræður og ígrundun t.d. með því að rifja upp námssvið leikskólans. *Starfsfólk las valda kafla um lýðræði, mannréttindi og jafnrétti og fyllti út matslista. Eins voru umræður vegna mótunar agastefnu teknar á starfsmannafundum í vetur. Erfitt reyndist að finna tíma til reglulegrar ígrundunar.*
- Efla fræðslu um börn með sérþarfir t.d. fyrirlestur um einhverfu og ADHD. *Á haustönn var boðið upp á fyrirlestur um hvernig mæta megi þörfum allra nemenda með mismunandi þarfir og aðstoð við hæfi. Auka þarf fræðslu enn frekar.*
- Efla fræðslu um hegðun og samskipti barna. *Í nýliðafræðslu var sérkennslustjóri með fyrirlestur um jákvæðar leiðir til að takast á við hegðun barna. Einnig fræðsla og umræður á starfsmannafundum vegna mótunar agastefnu (sérkennslustjóri fjallaði um Uppeldi til ábyrgðar og ART kennarar um ART).*
- Búa til og innleiða agastefnu. *Teymið hittist reglulega yfir skólaárið en þó ekki nógu oft. Ekki náðist að klára agastefnuna fyrir lok skólaárs en hún er langt komin og mun verða tekin í notkun snemma á næsta skólaári. Starfsfólk kom að mótun agastefnu á starfsmannafundum.*
- Bæta nýliðafræðslu. Sérstakir nýliðafundir haldnir tvisvar sinnum með góðri fræðslu. *Nýliðamappa tekin í gagnið (bæði í tölvutæku og prentuðu formi) sem nýliðar lesa á fyrstu vikum í starfi, endurmat á meðal nýliða kom vel út. Haldið verður áfram að þróa og betrumbæta nýliðafræðslu.*
- Efla foreldrasamstarf t.d. með því að hafa opinn dag og bæta við heimsókn á haustönn. *Opið hús á afmæli leikskólans þar sem foreldrum bauðst að taka þátt í starfsemi. Ekki mikil aukning að örðu leyti. Halda áfram að efla og þróa foreldrasamstarf.*
- Bæta símenntun fyrir ófaglært starfsfólk eins og hægt er. *Kom ekki til framkvæmdar nema á haustþingi leikskólanna og á leikskóladegi Árborgar þar sem fræðsla var hópaskipt.*
- Bæta skipulag og fjölga verkferlum til að minnka álag. *Leikefnisstefna var kynnt í nóvember 2018. Verklag lokunarstöðu í leikskólanum- hvað hafa ber í huga. Vinnulag*

á matmálstímum reglulega endurskoðað. Agastefna í vinnslu, skólaárið fór í mótun hennar.

- Bæta ástand lóðar. Síðla sumars 2019 var hafist handa við að laga lóðina eldri megin. Halda á áfram framkvæmdum yngri megin á lóðinni sumarið 2020.

3.1.1 Helstu umbætur samkvæmt innra mati.

Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2019-2020 má sjá í fylgiskjöllum.

4. Mat á leikskólastarfi

Í 18. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 er kveðið á um að hver leikskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs. Sveitafélögin eigi síðan að fylgja innra matinu eftir þannig að það leiði til umbóta í skólastarfi skv. 19. gr. laganna.

Markmið mats og eftirlits með skólastarfi, innra- og ytra mats, er að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Ytra mat er framkvæmt af aðilum utan leikskólans sem hafa með menntamál að gera og þá í umboði sveitarfélags eða mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Innra mat á starfi leikskólans fer fram með ýmsum hætti. Á deildarfundum undir stjórn deildarstjóra og á deildarstjórafundum þar sem leikskólastjórar, deildarstjórar og sérkennslustjóri fara yfir stöðu mála. Á skipulagsdögum er unnið að mati á skólastarfinu og á þeim dögum er endur- og símenntun starfsmanna jafnframt sinnt. Foreldrar og börn koma einnig að innra mati eins og fram kemur hér á eftir. Matinu er ætlað að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á skv. lögum. Því er einnig ætlað að veita aðilum skólasamfélagsins og fræðsluyfirvöldum upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.

Vegna þess hve skólastarfið er umfangsmikið er ekki hægt að skoða alla þætti á sama tíma. Til þess að tryggja að matið nái til allra sviða skólastarfsins hefur verið útbúin fjögurra ára matsáætlun þar sem skipulagt er hvenær þættir eru metnir. Nánari útfærsla er svo í matsáætlun fyrir hvert skólaár og þá er bætt við eftir áherslum í starfinu hverju sinni.

5. Samsetning nemendahópa og foreldrasamstarf

5.1. Nemendahópurinn (aldur, árgangar, dvalartímar)

Miðað er við upplýsingar úr skýrslu sem send var til Hagstofu Íslands í desember 2018. Taka skal fram að um meðaltöl á dvalartíma eru að ræða.

Fjöldi barna í leikskólanum 1. desember 2018 var 118.

Aldursskipting	
Börn fædd 2013	28
Börn fædd 2014	21
Börn fædd 2015	40
Börn fædd 2016	22
Börn fædd 2017	7

Dvalartími	Fjöldi barna
4 tímar	0
5 tímar	1
6 tímar	5
7 tímar	7
8 tímar	65
9 tímar	40

5.1.1 Fjöldi nemenda sem nutu sérstaks stuðnings

Með sérstakan stuðning er átt við þau börn sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika fá sérstaka aðstoð eða þjálfun undir handleiðslu sérfræðinga. Einnig eru um að ræða börn sem þurfa sérstaka þjálfun tímabundið vegna seinkunar í mál- og/eða hreyfiproska sem og börn með annað móðurmál en íslensku. Ekki er gerður munur á því hvort stuðningur átti sér stað í nokkur skipti eða allt árið.

Miðað er við upplýsingar úr skýrslu sem send var til Hagstofu Íslands í desember 2018. Átján börn nutu sérstaks stuðnings en unnið var með þau einstaklingslega og/eða í litlum hópum innan og utan deilda með aðkomu sérkennslustjóra og iðjupjálfa. Sérkennslustjóri hélt utan um fundargerðir fyrir teymisfundi, einstaklingsnámskrár og annað sem snýr að sérkennslumálum í leikskólanum.

Öll börn í elsta árgangi voru prófuð í Hljóm-2 og þau sem komu slök út fengu auka þjálfun í hljóðkerfisvitund.

5.1.2 Fjöldi nemenda með annað móðurmál en íslensku og fjöldi tungumála

Með móðurmáli er átt við það tungumál sem barnið lærir fyrst, er því tamast og talað er á heimili þess, stundum aðeins af öðru foreldri. Samkvæmt upplýsingum sem sendar voru í skýrslu Hagstofu Íslands í desember 2018 voru 5 tvítyngd börn og tungumálin voru 4.

5.2. Foreldrasamvinna

Markmið okkar er að foreldrum finnist þeir velkomnir í leikskólann. Við leggjum áherslu á gott samstarf og gagnvirkt upplýsingastreymi milli heimilis og skóla. Einnig er lögð áhersla á mikilvægi þess að málin séu rædd jafnóðum ef eitthvað kemur upp á.

Á skólaárinu voru nokkrir viðburðir þar sem foreldrum var boðið að taka þátt. Þar má meðal annars nefna kynningarfundir á vegum leikskólans, foreldrafund að hausti, opið hús á afmæli leikskólans í nóvember, bónda- og konudagskaffi á vorönn, vorhátíð og aðrar uppkomur deildanna í tengslum við könnun og hópastarf.

5.2.1. Foreldraráð.

Foreldraráð er starfrækt í leikskólanum. Kosið er í ráðið á aðalfundi foreldrafélagsins að hausti. Á skólaárinu voru starfandi 7 fulltrúar sem einnig gegndu hlutverki stjórnar foreldrafélagsins. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Góð samvinna var með foreldraráðinu í vetur þar sem þau komu að málefnum leikskólans.

5.2.2. Foreldrafundir, foreldrafræðsla.

Á þessu skólaári var ákveðið að hætta að vera með kynningarfund fyrir nýja foreldra en boða nýja foreldra í einkaviðtöl þess í stað. Gekk það vel og ákveðið var að halda þeim hætti áfram. Kynningarfundir vegna vetrarstarfs yngri og eldri deilda voru haldnir um miðjan september. Aðalfundur foreldrafélagsins í höndum stjórnar foreldrafélagsins er iðulega haldinn snemma að hausti.

5.2.3. Foreldraviðtöl (fyrirkomulag, tímabil).

Foreldraviðtöl voru tekin tvisvar sinnum yfir árið og var þá miðað við að upplýsingar /niðurstöður úr TRAS, HLJÓM- 2 og Orðaskil væru sem nýjastar.

5.2.4. Foreldrafélag

Allir foreldrar leikskólabarnanna gerast sjálfkrafa meðlimir í foreldrafélaginu en á skólaárinu voru starfandi 7 fulltrúar í stjórn sem einnig sátu í foreldraráði. Foreldrafélagið bauð meðal annars upp á jólaball, myndatöku í leikskólanum, leikritið Karíus og Baktus, gjöf til útskriftarnemenda og vorhátíð leikskólans. Við fengum einnig góðar gjafir frá þeim t.d. á afmæli leikskólans og færum við þeim bestu þakkir fyrir.

5.2.5. Fréttabréf

Ákveðið var að senda út fréttabréf á vegum leikskólans í heild sinni að hausti ár hvert en að öðru leyti sendir leikskólastjóri foreldrum tölvupóst þegar koma þarf skilaboðum til þeirra. Deildarstórar gefa út fréttabréf mánaðarlega og birta á facebooksíðu deildanna sem og önnur tilfallandi skilaboð og upplýsingar. Einnig má sjá allar almennar upplýsingar er varða leikskólann á heimasíðunni hulduheimar.arborg.is

5.3. Samstarf, fræðsla og ráðgjöf

Leikskólinn tengist hinum ýmsu stofnunum í samfélaginu og starfsfólkið nýtur þverfaglegar samvinnu og ráðgjafar við ýmsa aðila innan og utan leikskólans.

5.3.1. Samstarf við skólaþjónustu Árborgar

Við höfum átt í góðum samskiptum við Skólaþjónustu Árborgar þar sem við getum nýtt okkur þjónustu og ráðgjöf fræðslustjóra, leikskólaráðgjafa, talmeinafræðings, sálfræðings og ráðgjafa vegna kennslu barna af erlendum uppruna. Samráðsfundir voru haldnir með reglulegu millibili þar sem sálfræðingur frá skólaþjónustunni fundaði með deildarstjórum, sérkennslustjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Haustið 2019 verða ráðgjafateymisfundir eflir þar sem nú verða fleiri ráðgjafar sem sitja fundinn. Auk sálfræðings og leikskólaráðgjafa verður félagsráðgjafi og verkefnastjóri snemmtækra íhlutunar á fundinum og í sumum tilfellum aðili frá barnavernd og kennsluráðgjafi fjölmenningar.

5.3.2. Samstarf leik- og grunnskóla

Í Árborg er starfandi faghópur vegna samstarfs leik- og grunnskóla sem kallar sig „Brúum bilið“ en þar sitja fulltrúar allra leik- og grunnskóla ásamt kennsluráðgjöfum beggja skólastiga. Hópurinn sér um að skipulagi um samstarf skólastiganna sé fylgt og funda reglulega yfir skólárið. Samstarfið í ár gekk mjög vel. Nemendur fyrsta bekkjar komu í eina heimsókn í leikskólana þetta haustið en vanalega eru heimsóknirnar tvær. Snemma á vorönn fóru svo elstu nemendur leikskólans í heimsókn í grunnskólana. Vorskóli var í báðum grunnskólum á Selfossi í apríl. Í vor voru skilafundir milli leik- og grunnskólanna þar sem gögnum væntanlegra nemenda var skilað í grunnskólann. Samstarf við 5. bekk Sunnulækjarskóla hélt áfram hjá okkur á haustönn og komu nemendur í nokkrar heimsóknir á eldri deildir þar sem búið var að skipuleggja verkefni, stöðvavinnu og lestur.

5.3.3. Samstarf við háskólana

Á skólaárinu voru tveir leikskólakennaranemar í verknámi í Hulduheimum.

5.3.4. Annað samstarf

Í vetur hélt foreldrafélag Hulduheima skyndihjálparnámskeið sem starfsmenn leikskólans sóttu. Einnig hóf starfsmaður störf hér á vegum vinnumálastofnunar og gegnir 50% stöðu. Við fengum nokkrar heimsóknir frá öðrum leikskólum og Emilia Quaranta frá Language Education & Partnership (Leaponline) heimsótti okkur þriðja veturinn í röð með kennarahópa frá hinum ýmsu löndum. Vonandi heldur það samstarf áfram.

6. Starfsmannamál

Í desember 2018 störfuðu 40 starfsmenn við leikskólann í mismiklu starfshlutfalli. Þar af voru 10 leikskólakennarar og einn iðjuþjálfari. Þrír starfsmenn voru í námi í leikskólakennarafræðum og einn af þeim í ólaunuðu námsleyfi allan veturinn. Einn starfsmaður var í námi í grunnskólakennarafræðum, einn í þroskaþjálfarafræði og einn í leikskólalíðanámi. Tveir leikskólakennarar voru í viðbótarnámi í stjórnun menntastofnana.

Starfspróunarsamtöl fóru fram í mars og fengu allir starfsmenn boð um að mæta. Gefin var hálf klukkustund í samtalið sem fór fram á skrifstofu leikskólastjóra. Leikskólastjóri ræddi við viðkomandi starfsmann og aðstoðarleikskólastjóri skráði samtölin.

6.1 Stjórnskipan Hulduheima skólaárið 2018-2019

Starfsheiti	Nafn
Leikskólastjóri:	Krístún Hafliðadóttir
Aðstoðarleikskólastjóri:	Sólveig Dögg Larsen
Sérkennslustjóri:	Jensína Krístín Gísladóttir
Deildarstjóri Hlynskóga:	Sara Guðjónsdóttir
Deildarstjóri Sólbakka:	Birna Guðrún Jónsdóttir
Deildarstjóri Kirsuberjadals:	Krístín Bjarnadóttir
Deildarstjóri Kattholts:	Júlianna Auðunsdóttir
Deildarstjóri Sjónarhóls:	Íris Erla Sigurðardóttir
Deildarstjóri Smálanda:	Helena Sif Krístinsdóttir

6.2 Fundarhöld og starfsdagar.

- Morgunfundir eru haldnir klukkan 8:50 á hverjum morgni á skrifstofu aðstoðarleikskólastjóra þar sem farið yfir stöðuna í húsinu og línur lagðar fyrir daginn.
- Deildarfundir eru hálf tíma einu sinni í viku.
- Deildarstjórafundir eru einu sinni í viku. Á þeim fundum sitja allir deildarstjórar, sérkennslustjóri, aðstoðarleikskólastjóri og leikskólastjóri.
- Samráðsfundir deildarstjóra og sérkennslustjóra með sálfræðingi frá skólalíðunustu voru haldnir með reglulegu millibili yfir skólaárið en þar gefst deildarstjórum tækifæri til að leita ráðgjafar varðandi einstaka mál. Aðstoðarleikskólastjóri situr einnig þá fundi.
- Einn fagfundur var haldinn 27.júní 2019 en þá fundu allir leikskólakennarar og aðrir háskólamenntaðir starfsmenn. Fagfundum verður fjölgað á næsta skólaári.
- Auk þeirra starfsmannafunda sem haldnir eru innan starfsdaga voru tveir starfsmannafundir á haustönn haldnir utan vinnutíma (einn í september og einn í desember).
- Teymisfundir voru áætlaðir einu sinni í viku og var eitt teymi starfandi hverju sinni og fundaði eins oft og verkefnið krafðist.

- Samráðsfundir stjórnenda og eldhúss annars vegar og stjórnenda og sérkennslustjóra hins vegar voru með reglulegu millibili í vetur, viðmiðið var að funda annanhvern mánuð.
- Samráðsfundir leikskólastjóra í Árborg, fræðslustjóra og leikskólaráðgjafa voru einu sinni í mánuði.
- Sérkennslustjórar í leikskólum Árborgar funduðu einnig mánaðarlega í vetur.
- Faghópur um samstarf leik- og grunnskóla fundaði reglulega yfir skólaárið.

6.3 Símenntun starfsmanna

Góð símenntun er nauðsynleg til að viðhalda fagmennsku og starfsþróun innan leikskólans. Hún er liður í umbótum samkvæmt innra mati starfsmanna og mikilvæg til að viðhalda þeim áherslum sem skólinn hefur sett sér. Skólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið og fræðsluerindi en einnig er tekið tillit til óska starfsmanna varðandi símenntun.

Leikskólastjóri auglýsir fræðsluerindi/námskeið (frá sveitarfélagi og fleiri aðilum) jafnóðum og þau berast og starfsmenn koma með sínar óskir um að sækja þessi námskeið. Leikskólinn greiðir námskeið og fyrirlestra sem eru á starfsdögum en einnig þau sem tengjast mikilvægum þáttum leikskólastarfsins s.s skyndihjálp, ART, Tras og Hljóm- 2 og námskeið vinnueftirlits. Önnur námskeið og fræðsluerindi sem kennarar sækjast eftir að fara á greiða þeir sjálfir en fá endurgreitt frá sínu stéttarfélagi.

Þar sem tilboð um símenntun berast leikskólanum allt skólaárið er ekki hægt að skipuleggja alla símenntun skólaársins að hausti en í starfsáætlun má sjá hvaða símenntun er þegar ákveðin fyrir komandi skólaár.

6.3.1 Námskeið og símenntun starfsmanna skólaárið 2018-2019

Sex skipulags- og námskeiðsdagar voru á liðnu skólaári.

- Starfsdagur 13. ágúst – Nýliðafræðsla og fræðsla frá slökkviliðinu.
- Starfsmannafundur 17.september – Fræðsla og umræður vegna mótunar agastefnu Hulduheima. Einnig var farið yfir viðbragðsáætlun við áföllum.
- Haustþing 8. deildar FL og FSL var haldið 5. október á Hótel Selfossi en þingið er haldið fyrir alla starfsmenn leikskóla í 8. deild. Þar voru í boði fjölbreyttir fyrirlestrar og fræðsluerindi.
- Starfsdagur 5. nóvember – Fyrirlestur um skilning og hugarfar vegna barna með sérþarfir. Hrund Harðardóttir kennsluráðgjafi og Kristín Björk Jóhannsdóttir deildarstjóri Seturs, sérdeildar Suðurlands. Einnig kynnti leikefnisteymi stefnu um leikefni í Hulduheimum.
- Starfsmannafundur 4.desember – Agastefnuteymi var með fræðslu og umræður.
- Starfsdagur 4. febrúar – Jóel Sæmundsson leikari var með hópefli og einnig var farið í leikskólaheimsókn í Krakkaborg í Flóahreppi.
- Símenntunardagur leikskólanna í Árborg 15.apríl – Allir starfsmenn í leikskólum Árborgar komu saman í Sunnulækjarskóla og var boðið upp á fræðslu um leikinn sem námsleið, stjórnendafræðslu, fræðslu fyrir sérkennslustjóra um snemmtæka íhlutun, fræðslu fyrir starfsfólk mótuneyta og almenna fræðslu um áhrif fjölskyldna á líðan barna. Að lokum voru málstofur þar sem fólk fór á milli og fékk fræðslu um TMT, Lubba, Orðaspjall, stærðfræði í leikskóla ásamt fræðslu frá iðjubjálfum um rétta líkamsbeitingu.

- Starfsmannafundur í maí, deildarfundir og deildarvinna.

Auk þeirrar símenntunar sem hefur verið tilgreind á skipulagsdögum sóttu starfsmenn ýmis námskeið og fyrirlestra, þá ber að nefna:

Hvenær:	Hverjir sóttu:	Efni:
September	Sérkennslustjóri	Íslenski þroskalistinn
September- október	Leikskólakennaranemar, iðjubjálfi og þroskabjálfanemi	TRAS
Október-Nóvember	Deildarstjóri og leikskólaleiðbeinandi A	ART félagsfærniþjálfun
Október	Deildarstjóri og leikskólakennari	Ráðstefna um Flæði
Febrúar	Deildarstjóri	Kvíði barna
Febrúar	Leikskólastjórnendur	Fjölmennig í skólum
Mars	Iðjubjálfi	
Maí	Deildarstjóri og leikskólakennari	Snemmtæk íhlutun
Maí	Sérkennslustjóri og þroskabjálfanemi	Vorráðstefna GRR
Maí	Leikskólastjórnendur	Námsstefna FSL
Vorönn	Deildarstjórar	Handleiðsla með Svövu Björgu Mörk

6.3.2 Símenntunaráætlun skólaársins 2019-2020

Dags.	Símenntun	Hvar
Starfsmannafundur september	Fræðsla fyrir nýliða	Hulduheimar
Haustþing 9 október	Ýmsir fyrirlestrar	Hótel Selfoss
Skipulagsdagur nóvember	Innleiðing agastefnu og Menntastefnu Árborgar	Hulduheimar
Starfsmannafundur desember ?	Óákveðið	Hulduheimar
Skipulagsdagur febrúar	Lestur og umræður um námssviðið <i>Sjálfbærni og vísindi</i>	Hulduheimar
Starfsmannafundur apríl	Óákveðið	Hulduheimar
Skóladagur Árborgar 18.mars 14.og 15.maí	Ýmsir fyrirlestrar Námsferð til Helsinki	Óákveðið Finnland
Starfsmannafundur júní	Óákveðið	Hulduheimar

Starfsmenn á eldri deild fara á Art námskeið í byrjun árs 2020 og einnig fara 1-2 starfsmenn á TRAS námskeið.?

Auk þessa er lögð áhersla á að starfsmenn komist á námskeið og ráðstefnur sem eru reglulega auglýst og í boði fyrir starfsmenn Árborgar.

7 Starfsáætlun skólaársins 2019-2020

7.1 Áherslur í starfi Hulduheima

Áherslur næsta skólaár:

- Klára vinnu með agastefnu Hulduheima og kynna hana vel fyrir starfsfólki og foreldrum.
- Vinna með einkunnarorðin og þar með halda áfram faglegum umræðum um lýðræði og samfélag. Haldið verður áfram með einkunnarorðin þegar náms sviðið *sjálfbærni og vísindi* verður tekið fyrir.
- Kynna menntastefnu Árborgar fyrir foreldrum og starfsfólki.
- Halda áfram með teymisvinnu og gera ráð fyrir teymisfundum í skipulagi.
- Halda áfram að auka samráð milli deilda m.a. með því að taka upp fagstjóra á öllum deildum þannig að fulltrúar hvers fagsviðs (s.s. sköpun, hreyfing og könnun) frá hverri deild hittist og beri saman bækur sínar, eldri og yngri megin.
- Kaffitímar starfsmanna að morgni breytast og verða nú á vetrar- og sumartíma. Þetta er gert til að auka gæði innra starfs á morgnana og auka öryggi barnanna á meðan starfsmenn eru í pásu. Vetrartími er frá 15.september til 15.maí og hefjast þá kaffitímar starfsfólks að morgni klukkan 10 í stað 9.
- Efla samstarf vinadeilda (yngri og eldri deild).
- Halda áfram að auka samvinnu milli árganga.
- Halda áfram að efla þekkingu barna á réttindum sínum og annarra og virðingu fyrir margbreytileika með hliðsjón af Barnasáttmálanum.
- Gera gott starf enn betra og hafa gaman í vinnunni.

7.2 Umbótaáætlun 2019-2020

Markmið	Leiðir	Hvenær meta
Efla faglegar umræður og ígrundun	Deildarstjórar saman í undirbúningi. Agastefna, einkunnarorð leikskólans og fara í námssviðið sjálfbærni og vísindi. Leslotur, lesa heftið <i>Sjálfbærni ofl.</i>	Agastefna og einkunnarorð Haust og vor Námssvið febrúar
Efla fræðslu um börn með sérþarfir	Kynna vel þegar á við þannig að öllum eða hluta af starfsfólki sé kunnugt um. Að starfsmenn viðkomandi deilda sé kunnugt um rétt verklag. Örnámskeið eða fræðslumyndbönd um sértæk frávík. Sérk.stjóri kemur á deildarfund a.m.k einu sinni á önn.	Spurningar endurmats vorannar
Efla þekkingu og kunnáttu starfsmanna að takast á við erfiða hegðun	Halda áfram að búa til agastefnu og samhliða innleiðingu lestur og umræður.	Innleiðing haustönn, meta á vorönn
Bæta nýliðafræðslu	Sérstakur kynningarfundur á fyrsta starfsmannafundi, markviss endurgjöf og eftirfylgni. Fara eftir gátlista og gefa rými til að lesa nýliðahandbók. 10 mínútna samtali við deildarstjóra	Um áramót, könnun fyrir nýtt starfsfólk.
Bæta upplýsingaflæði	Foreldrar: tilkynna mikilvægar breytingar eins fljótt og auðið er, nota upplýsingatöflur, útbúa fréttabréf um vetrarstarf eftir kynningarfund í október, hringja í foreldra með mikilvæg skilaboð ef ekki er hægt að skila í lok dags. Starfsfólk: Nota dagbækur fyrir mikilvæg skilaboð á morgunfundi, tryggja að allir sem hlut	Netkönnun f. Foreldra desember Spurningar í endurmati haustannar

	eiga fá í áriðandi skilaboð, nota upplýsingatöflur, ef breytingar verða á skipulagi eftir morgunfund þarf að tryggja að allir viðkomandi aðilar fá vitneskju um breytingarnar.	
Minnka áreiti í matsal.	Fastur starfsmaður við borð standi sem minnst upp frá borði, nýta aukastarfsmenn í sal yngra megin. Börnin ganga ekki frá eftir sig en starfsmaður á borði tekur saman, eldhús og starfsm. ganga frá. Eldri: Starfsmenn skiptast á að borða á kaffistofu, einn starfsmaður sinnir sínu borði, auðvelda aðgengi að ábót.	Endurmat haustannar
Að vinna betur með viðburði og sérstakar uppákomur	Setja inn í ársplan fyrir deildarstjóra, skipa viðburðarstjóra fyrir stærri daga eins og Öskudag. Setja upp stórt dagatal í undirbúningsherbergi.	Endurmat vorannar
Vinna með einkunnarorðin og stefnu skólans	Búa til teymi þegar agateymi er búið. Hópaskipta umræðum á skipulagsdögum.	Endurmat vorannar
Bæta vinnuaðstöðu í undirbúningsherbergi	Henda túbusjónvörpum og fá hentugt vinnuborð, fleiri stillanlega stóla og bæta vinnuaðstöðu.	Háð ytri aðilum og fjármagni.

Matsáætlun skólaárið 2019-2020

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið	Gagnaöflun	Tímarammi	Ábyrgðaraðilar
Uppeldi, menntun og starfshættir.	Skerpa sýn leikskólans á uppeldi og menntun. Innleiða agastefnu. Vinna með einkunnarorð leikskólans	Að starfshættir séu skýrir og í samræmi við Aðalnámskrá, Námskrá Hulduheima og agastefnu Huldheima. Að vinnubrögð séu samræmd.	Spurningar í endurmati haust- og vor í samræmi við innleiðingu agastefnu leikskólans og aukinna umræðna um einkunnarorðin.	Allt skólaárið Starfsdagur nóvember	Stjórnendateymi
Námssvið leikskólans	Að skoða leikskólastarfið m.t.t. námssviða leikskólans. Taka fyrir „sjálfbærni og vísindi“.	Að unnið sé með námssviðin í samræmi Aðalnámskrá leikskóla.	Lesefni úr Aðalnámskrá. Heimatilbúinn matslisti útfylltur á deildarfundum og niðurstöður ræddar á starfsdegi. Fyrirlestur? og umræður á starfsdegi.	Vorönn. Starfsmannaf feb	Stjórnendateymi
Leikskólapróun, starfspróun og faglegt samstarf	Að veitt sé svigrúm fyrir þróunarstarf og símenntun í leikskólanum. Að faglegt samstarf sé innan leikskólans og við aðila utan hans.	Aðalnámskrá leikskóla og einnig stuðst við heftið <i>Viðmið og vísbindingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs.</i>	Spurningar í endurmati haustannar. Spurningar lagðar fyrir starfsfólk í starfspróunar-samtölum	Allt skólaárið	Stjórnendateymi
Fagmennska starfsfólks og starfsánægja	Að meta líðan starfsmanna á vinnustaðnum og stuðla að góðum samskiptum á vinnustaðnum.	Að starfsfólki líði vel á vinnustaðnum og sé að njóta styrkleika sinna. Að starfsfólk sé að vaxa í starfi.	Starfsmannakönnun Skólapúlsins. Spurningar í starfsmanna-samtölum og í endurmatslistum haust og vor. Nýliðakönnun í des.	Vorönn	Stjórnendateymi
Mat á námi barna s.s. námsaðferðir, námsaðstæður og námsmat	Fara yfir námsmat sem er innan húss t.d. matslista, meta námsaðstæður.	Að námsaðferðir, hæfniviðmið og námsmat sé í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla og þemahefti um námsmat í leikskóla.	Meta þróun námsmats með spurningakönnun fyrir deildir og umræðum á deildarfundum og deildarstjórafundum	Haustönn	Stjórnendateymi

Velferð og líðan barna	Að kanna líðan nemendanna í leikskólanum og hvort við mætum þörfum þeirra.	Að börnunum líði vel, að þörfum þeirra sé mætt og að þau njóti sín í leikskólanum.	Broskarlakönnun og samtöl við börn. Spurningar í for.könnun Survey Monkey des	Allt skólaárið. Rýnihópar nem. í nóv. Broskarlamat að vori.	Stjórnendateymi
Viðmót og menning	Að meta viðmót og menningu skólans.	Að góður andi ríki í leikskólanum. Að virðing og traust endurspeglar í samstarfi milli allra í leikskóla-samfélaginu.	Spurningar í endurmati haustannar. Starfsmannasamtöl Spurningar í for.könnun Survey Monkey des	Allt skólaárið	Stjórnendateymi
Stjórnun	Að stjórnun leikskólans sé fagleg og samkvæmt þeim stöðlum sem settir hafa verið.	Stuðst við heftið <i>Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs.</i>	Spurningakönnun til starfsfólks og gátlisti ásamt markvissum umræðum á deildarstjórafundi.	Vorönn-mars	Stjórnendateymi
Umbótaáætlun	Að meta þætti í umbótaáætlun	Að halda áætlun við mat á umbótaþáttum og gera eins vel og hægt er.	Sjá umbótaáætlun	Spurningar í endurmati eftir vor- og haustönn.	Stjórnendateymi

7.4 Leikskóladagatal 2019-2020

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2019 - 2020

Nafn skóla:

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRUAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F Sumardagur	1 S	1 Þ	1 F	1 S Húskóladagurinn	1 M Hvítudagur	1 L	1 S	1 M Gullur dagur	1 F Húskóladagurinn	1 M Annar Húskóladagurinn	1 M
2 F Sumardagur	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F	2 S	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F Sumardagur
3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 M	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 F Sumardagur
4 S	4 M	4 F Húskólag - Leikur	4 M Síðingisdagur - Leikur	4 M	4 L	4 Þ	4 M	4 L	4 M	4 F Vorhúskóla	4 L
5 M Þingdagur verslunarmanna	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F	5 S Þingverslunardagur	5 Þ	5 F	5 S
6 Þ Sumardagur	6 F	6 S	6 M	6 F	6 M Húskóladagurinn	6 F Dagur húsveitna	6 F	6 M	6 M	6 L	6 M Sumardagur
7 M Sumardagur	7 L	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F Dagur starfshúsnæðis	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 Þ Sumardagur
8 F Leikskólaöldin opnar	8 S Dagur leikis	8 Þ	8 F Þingverslunardagur þingverslun	8 S	8 M	8 L	8 S	8 M	8 F Óháttur dagur	8 M	8 M Sumardagur
9 F	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 M	9 F Skriftektir	9 L	9 Þ Hjúskólagur yngri	9 F Sumardagur
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 M	10 Þ	10 F Húskólagurinn lengi	10 S	10 M Hjúskólagur eldri	10 F Sumardagur
11 S	11 M	11 F	11 M	11 M	11 L	11 Þ	11 M	11 L	11 M	11 F	11 L
12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F	12 S Þingverslunardagur	12 Þ	12 F	12 S
13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 F	13 M	13 F	13 F	13 M Annar í þjóttum	13 M	13 L	13 M Sumardagur
14 M	14 L	14 M	14 F Allmátt Húskólaheima	14 L	14 Þ	14 F Þorrsmíðis dagur	14 L	14 Þ	14 F Síðingisdagur - Leikur	14 S	14 Þ Sumardagur
15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 L	15 S	15 M	15 F Síðingisdagur - Leikur	15 M	15 M Sumardagur
16 F	16 M Dagur leikisinnar náttúru	16 M	16 L Dagur leikisinnar tungu	16 M	16 F	16 S	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F Sumardagur
17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 Þ Jólaball	17 F Hvítur dagur	17 M	17 Þ	17 F Síðingisdagur / Síðingisdagur - Leikur	17 S	17 M Lúðveldisdagurinn	17 F Sumardagur
18 S	18 M	18 F	18 M	18 M	18 L	18 Þ	18 M	18 L	18 M	18 F	18 L
19 M	19 F	19 L	19 M	19 F	19 S	19 M	19 F	19 S	19 Þ Óskóttir	19 F	19 S
20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 F	20 M	20 F	20 F	20 M	20 M	20 L	20 M Sumardagur
21 M	21 L	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F Konukaffi	21 L	21 Þ	21 F Úppeldingardagur	21 S	21 Þ Sumardagur
22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 L	22 S	22 M	22 F	22 M	22 M Sumardagur
23 F	23 M	23 M	23 L	23 M Þingverslunardagur	23 F	23 S Konukaffi	23 M	23 F Sumardagurinn yngri	23 L	23 Þ	23 F Sumardagur
24 L	24 F	24 F	24 S	24 Þ Aftangangur þjó - Leikur	24 F Bóndakaffi	24 M Síðingisdagur	24 Þ	24 F Vor í Árbog	24 S	24 M	24 F Sumardagur
25 S	25 M Starfsmannafundur	25 F Bangadagur	25 M 1. bekkur í heimsókn	25 M Síðingisdagur	25 L	25 Þ Söngdagur	25 M	25 L	25 M Vörðingur	25 F	25 L
26 M	26 F Þingverslunardagurinn	26 L Þingverslunardagur	26 Þ	26 F Annar í þjóttum	26 S	26 M Óskóttir	26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 S
27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 F	27 M	27 F	27 F	27 M	27 L	27 M	27 M Sumardagur
28 M	28 L	28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 L	28 Þ	28 F Útskriftarfundur	28 S	28 Þ Sumardagur
29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 L	29 S	29 M	29 F	29 M	29 M Sumardagur
30 F	30 M 1. bekkur í heimsókn	30 M	30 L	30 M	30 F		30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F Sumardagur
31 L		31 F		31 Þ Síðingisdagur - Leikur	31 F		31 Þ		31 S Húskólagurinn		31 F

8. Samþykki foreldraráðs

Selfossi, nóvember 2019

Foreldraráð Hulduheima hefur lesið starfsskýrslu Hulduheima 2019-2020 og samþykkir hana...

Fyrir hönd foreldrafélags Hulduheima:

Hugrún Hilmarsdóttir